

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um þarfagreiningu vegna byggingarframkvæmda
Landspítalans við Hringbraut.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvaða þarfagreining liggur til grundvallar fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum Landspítala við Hringbraut?
2. Með hvaða hætti taka fyrirhugaðar framkvæmdir við Hringbraut mið af þarfagreiningunni?
3. Hver gerði umrædda þarfagreiningu og hvenær var hún gerð?
4. Hefur Ríkisendurskoðun farið yfir þarfagreininguna og hafi svo verið, hverjar voru athugasemdir hennar?
5. Telur ráðherra að fyrirbyggjandi þarfagreining sé raunhæf í ljósi þróunar undanfarin ár í heilbrigðisvísindum og viðhorfa um skipulag og uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu? Hvernig rökstyður ráðherra álit sitt í þessu efni?

Skriflegt svar óskast.